

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 34

3. árgangur

03.8.1996

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/34/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.777 - AGF/CAMAT) .....	01
96/EES/34/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.796 - InfraLeuna) .....	02
96/EES/34/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.797 - GrantRail Limited) .....	03
96/EES/34/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.803 - Rewe/Billa) .....	04
96/EES/34/05	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.806 - British Airways/TAT) .....	05
96/EES/34/06	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 - Mál nr. IV/35.293 - IBOS Association .....	06

96/EES/34/07	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi .....06
96/EES/34/08	Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Cayenne-Rochambeau og Saint Georges de l'Oyapock .....07
96/EES/34/09	Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Cayenne-Rochambeau og Maripasoula .....07
96/EES/34/10	Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Cayenne-Rochambeau og Saül .....08
96/EES/34/11	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....09

### 3. Dómstóllinn

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.777 - AGF/CAMAT)

**96/EES/34/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið AGF IART S.A., undirfyrirtæki Société Centrale des AGF S.A., öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Compagnie d'Assurances Maritime, Aériennes et Terrestres S.A. (CAMAT) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - AGF IART: skaðatryggingar,
  - CAMAT: sjó-, flug-, flutnings- og bifreiðatryggingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 224, 1. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.777 - AGF/CAMAT, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.796 - InfraLeuna)**

**96/EES/34/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Linde AG og Caprolactam Leuna GmbH sem tilheyra DOMO-hópnum, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu InfraLeuna Infrastruktur- und Service GmbH með hlutabréfakaupum í fyrirtæki sem nýlega var stofnað og telst fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Line: högun, kæling og gas til iðnaðarnota,
  - DOMO-hópurinn: gólfábreiður úr spunaefnum,
  - InfraLeuna: grunnvirkjaþjónusta á iðnaðarsvæði Leuna.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 224, 1. 8. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.796 - InfraLeuna, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.797 - GrantRail Limited)**

**96/EES/34/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin British Steel plc og Volker Stevin (UK) Limited (undirfyrirtæki Koninklijke Volker Stevin n.v.) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir GrantRail Limited með hlutabréfakaupum í fyrirtæki sem nýlega var stofnað og telst fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - British Steel plc: framleiðsla og dreifing á stálvörum,
  - Volker Stevin (UK): byggingarframkvæmdir og járnbrautarlagningar,
  - GrantRail Limited: smíði, endurnýjun og viðhald á járnbrautargrunnvirkjum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 221, 30. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.797 - GrantRail Limited, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram**  
**(Mál nr. IV/M.803 - Rewe/Billa)**

96/EES/34/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Rewe Internationale Beteiligungs Gesellschaft mbH, Köln, undirfyrirtæki Rewe Gruppe, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir fyrirtækinu BML Vermögensverwaltung AG, Wien (Billa Gruppe) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rewe Internationale Beteiligungs Gesellschaft mbH : kaup og fjármögnun á fyrirtækjum sem heyra undir Rewe Gruppe,
  - Rewe Gruppe: samstilltur hópur fyrirtækja sem er virkur á sviði verslunar, einkum smásölu á matvælum,
  - BML Vermögensverwaltung AG: eignarhald og stjórnun á dótturfyrirtækjum sem eru virk á sviði verslunar, einkum smásölu á matvælum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 221, 30. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.803 - Rewe/Billa, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram**  
**(Mál nr. IV/M.806 - British Airways/TAT)**

96/EES/34/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið British Airways Plc öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirlit yfir fyrirtækinu TAT European Airlines með hlutabréfakaupum. TAT European Airlines er um þessar mundir undir sameiginlegum yfirlitum British Airways Plc og TAT S.A.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - British Airways Plc: flutningar í lofti á farþegum og farmi,
  - TAT European Airlines: flugrekstur einkum á frönskum innanlandsmarkaði.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 218, 27. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.806 - British Airways/TAT, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins  
nr. 17/62 - Mál nr. IV/35.293 - IBOS Association****96/EES/34/06**

Þann 4. nóvember 1994 tilkynntu samtökin IBOS Association EEIG um samninga varðandi stofnun samtakanna og aðild að þeim í því skyni að auðvelda notkun tölvuvæddrar bankaþjónustu yfir landamæri, sem gengur undir heitinu Interbank On-Line System (IBOS). Samtökin fóru fram á að mótmælum yrði ekki hreyft en að öðrum kosti undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

Með hliðsjón af auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu samkeppnisreglna EB varðandi millifærslur yfir landamæri fyrirhugar framkvæmdastjórnin að taka jákvæða afstöðu gagnvart tilkynntum samningum.

Áður en af því verður gefur framkvæmdastjórnin þriðju aðilum kost á að senda athugasemdir sínar innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB nr. C 213, 23.7.1996, með tilvísun til máls nr. IV/35.293 - IBOS, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition (DGIV)  
Unit IV/D1  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið  
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92****96/EES/34/07****Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Frakklandi**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk yfirvöld ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi á eftirtöldum leiðum:

- Cayenne-Rochambeau - Saint Georges de l'Oyapock
- Cayenne-Rochambeau - Maripasoula
- Cayenne-Rochambeau - Saül

(sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 221, 30. 7. 1996).



**Rekstur áætlunarflugs****96/EES/34/08****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Cayenne-Rochambeau og Saint Georges de l'Oyapock**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Cayenne-Rochambeau og Saint Georges de l'Oyapock. Skilyrðin sem bundin eru þessum skyldum um opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 221, 30. 7. 1996 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 222, 31. 7. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku og gildir pósthimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í frammanefndum Stjttíð. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Conseil Régional de la Guyane  
Direction Générale des Services  
66 Avenue du Général de Gaulle  
BP 7025  
97307 Cayenne Cedex

**Rekstur áætlunarflugs****96/EES/34/09****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Cayenne-Rochambeau og Maripasoula**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Cayenne-Rochambeau og Maripasoula. Skilyrðin sem bundin eru þessum skyldum um opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 221, 30. 7. 1996 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 222, 31. 7. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku og gildir pósthimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í frammanefndum Stjttíð. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Conseil Régional de la Guyane  
Direction Générale des Services  
66 Avenue du Général de Gaulle  
BP 7025  
97307 Cayenne Cedex

**Rekstur áætlunarflugs****96/EES/34/10****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.  
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli  
Cayenne-Rochambeau og Saül**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Cayenne-Rochambeau og Saül. Skilyrðin sem bundin eru þessum skyldum um opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 221, 30. 7. 1996 (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 222, 31. 7. 1996).

Tilboðin skulu send í ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum eftir að þessi auglýsing birtist í framannefndum Stjtið. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma á eftirfarandi heimilisfang:

Conseil Régional de la Guyane  
Direction Générale des Services  
66 Avenue du Général de Gaulle  
BP 7025  
97307 Cayenne Cedex

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

**96/EES/34/11**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>96-0224-D</b>	Samþykkisforskrift BAPT 222 ZV 50 fyrir radiótengisnið fyrir flugfarstöðvar í TFTS-radiónetinu	16.9.1996
<b>96-0225-FIN</b>	Tillaga að breytingu á 2. gr. í fyrirmælum um kröfur um brunavarnir fyrir rúmdýnur	18.9.1996
<b>96-0226-B</b>	Konunglegur úrskurður um flokkun á tilteknum viðvörunarvopnum sem teljast til vopna sem notuð eru í sjálfvörn	16.9.1996
<b>96-0227-F</b>	Tæknilegar athugasemdir við lyfjaskrá sem lögð er fram til opinberrar rannsóknar	13.9.1996
<b>96-0228-D</b>	Samþykkisforskrift BAPT 211 TV 16/338 um búnað fyrir gerð, sendingu og móttöku á stafrænum valvísium hringingum (DCS) í loftskiptaþjónustunni á sjó	16.9.1996
<b>96-0229-NL</b>	Reglugerð um tæknilegar eggafurðir frá 1996 (PECB)	19.9.1996
<b>96-0230-F</b>	Fyrirmæli um smíði og eftirlit með tækjum sem eru ætluð til að mæla innihald í ólíkum útblásturshlutum í því skyni að reikna út færribreytu eða innihald kolmónoxíðs og koltvísýrings í útblástursopi ökutækja með bensínvél	16.9.1996
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> <sup>(5)</sup>		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.